


GRUNNMYND 1.HÆÐ 1:100




GRUNNMYND MILLILOFT 1:100




AFSTÖÐUMYND 1:500

**Dalshraun 6 ( Stgr.1400-1-17100060 ) - Breytingar**

**Byggingarlýsing:**

Breytingar utanhúss:
Útihurð, gluggi og útveggur í næstsyðsta sperrubili vesturhliðar verða rifin.Rennihurð með sjálfvirkum opnunarbúnaði og gólfsíðum gluggum verða sett í sperrubilið í staðinn. Rennihurð og gólfsíðir gluggar eru úr álí með rofinni kuldabrú og einangrunagleri. Rennihurð og gólfsíðir gluggar eru í sama hvíta lit og timburgluggar.
Tveir timburgluggar á austurhlið hússins verða slökkaðir að hluta til og verður sitt hvor glugginn með einu opnalegu fagi.

Breytingar innanhúss:
Vindfang með rennihurð með sjálfvirkum opnunarbúnaði verður innréttað við nýju útihurðina. Kaffistofan verður stækkuð að útvegg austurhliðar og skrifstofa færð. Stækkuð kaffistofa verður með 72 sætum.
Nýjir innveggir verða annars vegar gleljaðir hvítir árammar með gleri við nýtt vindfang og hins vegar hefðbundnir málaðir gipsplötuveggir á blikkstoðum. Einn skrifstofuveggur og veggur á milli kaffistofu og salar undir fínflokkun þósts verða með innigluggum með hvítmáluðum timburkörmum. Hurð að skrifstofu er harðplastklædd timburhurð í timburkarmi. Loft í kaffistofu er klætt með hljóðdeyfandi hvítum steinullarplötum í samráði við hljóðvistarhönnuð.
Brunahólfandi veggur í austurálmu hússins hefur verið rifinn.
Steinteppi á gólfum verður rifið og vinylplúkur lagðar í staðinn.

Enginn stækkun verður á húsinu. Húsið verður að öllu leyti nýtt undir póstflokkun.

**Burðarvirki:**
Burðarvirki hússins er óbreytt.

**Lagnir:**
Þrifalagnir verða endurnýjaðar eftir þörfum miðað við nýtt innra skipulag. Það sama á við um hitalagnir.

**Loftræsing:**
Loftræsing verður endurbætt. Vélrænt útsog verður frá gluggalausum rýmum.

**Rafkerfi:**
Raflagnir verða endurnýjaðar miðað við nýtt innra skipulag. Rafkerfið samanstendur af lýsingu og þeim búnaði sem nauðsynlegur er til að fullnægja starfsemi hússins og brunavörnum.

**Stærðir:**
Brúttóflötur: 997.5m²
Brúttórúmmál: 3768.2m³
Stærðir breytast ekki við breytingar innanhúss.

**Bílastæði:**
33 bílastæði eru á lóðinni, þar af er 1 stæði fyrir hreyfihamlaða.

**Kólunartölur:**
U-gildi
Þak: 0,20 W/m²°C
Útveggir: 0,36 W/m2°C
Gluggar: 1,80W/m2°C
Gólf á fyllingu: 0,29W /m2°C

**Brunavarnarlýsing:**
*Brunavarnir hússins eru unnar í samráði við Mannvit hf.*
**Notkunarflokkur:**
Húsnæðið og starfsemi í húsinu fellur undir notkunarflokk 1 samkvæmt grein 9.1.3 í byggingarreglugerð número 112/2012.
**Brunaþol burðarvirkis:**
Burðarvirki meginburðarvirkja er brunavarið til að standast R60.. Brunaþol burðarvirkja skal að öðru leyti vera í samræmi við merkingar á brunaveggjum.
**Brunasamstæður og brunahólf:**
Allt húsið verður ein brunasamstæða, samtals 935.4 m2 nettóflatarmál. Húsinu verður skipt í 4 brunahólf eins og sýnt er á byggingarnefndarteikningum. Stærð brunahólfa er í samræmi við grein 9.6.19 í byggingarreglugerð 112/2012 en þar segir að brunahólf í notkunarflokki 1 megi vera allt að 1200 m2.
Inntaksrými verður sjálfstætt brunahólf, EI60, samtals 6.2 m2.
Lagnaloft fyrir loftræsikerfi hússins verður sjálfstætt brunahólf, aðskilið frá öðrum rýmum með EI60/EI230-Csm byggingarhlutum, samtals 33,5 m2.
Gangur, snyrtingar og fataherbergi verður sjálfstætt brunahólf, aðskilið frá öðrum rýmum með EI60/EI230-Csm byggingarhlutum, samtals 68,7 m2.
Kaffistofa, gróffokkun, skrifstofa, innkeyrsla, geymsla, anddyri, vindfang og fínflokkun verður eitt sameiginlegt brunahólf aðskilið frá öðrum rýmum með EI60/EI230-Csm byggingarhlutum.
Gluggi á milli kaffistofu og anddyri verður þó EW30. Samtals stærð þessa brunahólfs er 830.9 m2.
**Flóttaleiðir:**
A.m.k. tveir óháðir útgangar verða frá hvaða stað sem er í byggingunni. Lengsta gönguvegalengd frá hvaða stað sem er í byggingunni að næsta útgangi eða öðru brunahólfi verður alltaf styttri en 25 m.
**Klæðningar:**
Allar nýjar loft- og veggfletir innanhúss skulu vera í flokki 1. Við endurnýjun skal eldri klæðningum sem eru í flokki 2 skipt út. Upphengd loft ásamt tilheyrandi upphengjum skulu vera úr A-efnum. Gólfefni skulu uppfylla flokk G og þakklæðningar flokk Broof. Allar klæðningar utanhúss eru í flokki 1.
**Brunaviðvörunarkerfi:**
Í allt húsið skal sett sjálfvirkt brunaviðvörunarkerfi tengt inn á viðurkennda vaktstöð. Kerfið skal vera viðurkennt númerað kerfi, hannað og uppsett í samræmi við reglur og leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar og ÍST EN 54. Stjórnstöð brunaviðvörunarkerfis verður í anddyri byggingarinnar. Við stjórnstöð skal setja yfirlitsmynd af kerfinu. Kerfið skal vera þjónustað af aðila viðurkenndum af Mannvirkjastofnun.

**Neyðarlýsing og út-ljós:**
Neyðarlýsing, sjálfýsandi merkingar og út-ljós verða sett í húsið í samræmi við byggingarreglugerð, ÍST EN 1838:1999, ÍST EN 50172:2004, leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar, byggingarreglugerð 112/2012 og ISO 16069. Við deilihönnun verður nánari lýsing og útfærsla á kerfinu er að finna á sérteikningum raftæknihönnuðar.
**Slökkvitæki og slöngukerfi:**
Í húsið verða sett slöngukefli í samræmi við gr. 111.18 í byggingarreglugerð og staðsetning beina sýnd á aðaluppdráttum. Handslökkvitæki skulu sett við hvert slöngukefli og á öðrum stöðum í samræmi við leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar.
**Reyklosun:**
Reyklosun frá fínflokkun er um tvær lúgur með auðbrennanlegu plasti, samtals 13.2 m2.
Reyklosun frá öðrum hlutum hússins verður í gegnum dyr, rústar eða glugga á byggingunni.
**Loftræsilerfi:**
Brunavarnir í vélrænni loftræsingu í húsinu verður í samræmi við DS 428 og byggingarreglugerð.
**Brunaþéttingar:**
Lagnagöt og önnur göt á milli brunahólfa verða þétt með sérstökum brunaþéttefnum á viðurkenndan hátt. Þéttiefni sem notuð verða til verksins skulu vera notuð í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda eða seljanda efnanna og vera viðurkennd af Mannvirkjastofnun. Verkið skal unnið af vönum verkmönnum.
**Viðhald og eftirlit:**
Um eigið eftirlit eigenda og forráðamanna með brunavörnum í húsinu gildir reglugerð nr. 200/1994. Sett skal upp eigið eftirlit eigenda með brunavörnum í húsinu í samræmi við ákvæði í NFPA-850.




SNEIÐING A-A 1:100



ÚTLIT AUSTUR 1:100

ÚTLIT NORÐUR 1:100




ÚTLIT VESTUR 1:100



ÚTLIT SUÐUR 1:100

Samþykkt þann
07 JUN 2012
*Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði*
*F.h. Sigurður Steinar Jónsson*

| ÚTGÁFUFERILL | | | | |
|---|---|---|---|---|
| NR. | DAGS. | SKÝRINGAR | TEIKNAÐI AF | ÚTGEFIÐ AF |

Öll mál í millimetrum, staðfærist áður en framkvæmdir hefjast. Mælið ekki af teikningum.
Misræmi í teikningum og önnur vafaatriði tilkynnist samræmingarhönnuðum strax.
Lesa skal teikningar með viðeigandi verklýsingum.

LYKILMYND


YRKI ARKITEKTAR ehf.
Hverfisgötu 78, 101 Reykjavík Sími: +354 552 6629
Fax: +354 552 6649 Netfang: yrki@yrki.is
Kt: 560997-3109
Ásdís H. Ágústsdóttir Arkitekt FAÍ
Sólveig Berg Arkitekt FAÍ


MANNVIT
VERKFRÆÐISTOFA
Kt. 430572-0169
30.6.2012

VERKKAUPI
ÍSLANDSPÓSTUR

VERK
DREIFINGARSTÖÐ
DALSHRAUNI 6
AÐALUPPDRÁTTUR

TEIKNING
Grunnmynd, sneiðing, afstöðumynd

| DAGSETN. | MKV. | TEIKNAÐ AF | ÚTGEFIÐ AF |
|---|---|---|---|
| 30.05.12 | 1:100 | YKS | SB/ÁHÁ |

| VERK NR. | TEIKNING NR. | ÚTGÁFA |
|---|---|---|
| V190 | B10 | |